

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps, frístundabyggð í landi Torfastaða 1, vestan Álftavatns.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. mars 2022 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn 17. nóvember 2021.

Í breytingunni felst að um 25 ha af landbúnaðarsvæði er skilgreint sem frístundabyggð (F-11) í landi Torfastaða 1, vestan Álftavatns, þar sem gert er ráð fyrir allt að 30 frístundalóðum. Jafnframt er núverandi vatnsból Torfastaða 1 og 2 afmarkað á skipulagsupprætti.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 29. mars 2022.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. apríl 2022